

# EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi  
Evrópusambandsins

**Nr. 18**

10. árgangur

10.4.2003

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	<b>EES-ráðið</b>	
	2.	<b>Sameiginlega EES-nefndin</b>	
	3.	<b>Sameiginlega EES-þingmannanefndin</b>	
	4.	<b>Ráðgjafarnefnd EES</b>	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	<b>Fastanefnd EFTA-rikkjanna</b>	
	2.	<b>Eftirlitsstofnun EFTA</b>	
<b>2003/EES/18/01</b>		Tilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 64a í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins) .....	<b>1</b>
<b>2003/EES/18/02</b>		Rekstur áætlunarflugs - Útboð frá Noregi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 64a í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins) á rekstri áætlunarflugs á leiðunum Lakselv-Tromsø-Lakselv, Andenes-Bodø-Andenes og Andenes-Tromsø-Andenes .....	<b>6</b>
	3.	<b>EFTA-dómstóllinn</b>	
	<b>III</b>	<b>EB-STOFNANIR</b>	
	1.	<b>Ráðið</b>	
	2.	<b>Framkvæmdastjórnin</b>	
<b>2003/EES/18/03</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.2621 - SEB/Moulinex (II)) .....	<b>10</b>
<b>2003/EES/18/04</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.2972 - DSM/Roche Vitamins) .....	<b>11</b>
<b>2003/EES/18/05</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3063 - De Agostini/Holding di Partecipazioni/RCS Diffusione/JV) .....	<b>12</b>

<b>2003/EES/18/06</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3066-Delta Lloyd N.V./ABN AMRO Bank N.V./JV) . . . . .	13
<b>2003/EES/18/07</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3102 - Thomesto/SCA Holz JV) . . . . .	14
<b>2003/EES/18/08</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3104 – Compass/Cremonini/JV) . . . . .	15
<b>2003/EES/18/09</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3131 – Sika/Buzzi/JV) . . . . .	16
<b>2003/EES/18/10</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3142 – CVC/Danske Traelast) . . . . .	17
<b>2003/EES/18/11</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3154 – Süd-Chemie/Sabic/Scientific Design) . . . . .	18
<b>2003/EES/18/12</b>	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.2926 – EQT/H & R/Dragoco) . . . . .	19
<b>2003/EES/18/13</b>	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3082 – PON/Nimbus/Geveke) . . . . .	19
<b>2003/EES/18/14</b>	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3049 – Alcan/Flexpack) . . . . .	20
<b>2003/EES/18/15</b>	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3088 – Duferco/Sorral/Beautor) . . . . .	20
<b>2003/EES/18/16</b>	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3096 – TotalFinaElf/Mobil Gas) . . . . .	21
<b>2003/EES/18/17</b>	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3084 – Siemens/Sequa) . . . . .	21
<b>2003/EES/18/18</b>	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3098 – Nissho Iwai/Nichimen) . . . . .	22
<b>2003/EES/18/19</b>	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3115 – ABN AMRO Capital/Pizzaexpress) . . . . .	22
<b>2003/EES/18/20</b>	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3060 – UCB/Solutia) . . . . .	23
<b>2003/EES/18/21</b>	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3122 – Dupont/Statoil/JV) . . . . .	23
<b>2003/EES/18/22</b>	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3124 – Deutsche Bahn/Westlb/Aurelis/JV) . . . . .	24
<b>2003/EES/18/23</b>	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 87. og 88. gr. EB-sáttmálans - Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki . . . . .	25
<b>2003/EES/18/24</b>	Upplýsingar frá aðildarríkjunum um ríkisaðstoð samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart þjálfunaraðstoð . . . . .	27

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Tilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar  
sem um getur í lið 64a í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE)  
nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan  
bandalagsins)

2003/EES/18/01

### ÁKVÆÐI UM NÝJAR SKYLDUR UM OPINBERA ÞJÓNUSTU Í ÁÆTLUNARFLUGI Á LEIÐUNUM LAKSELV-TROMSØ-LAKSELV OG ANDENES-BODØ-ANDENES, ANDENES-TROMSØ-ANDENES

#### Lakselv-Tromsø-Lakselv

#### 1. INNGANGUR

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um  
aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins (<http://europa.eu.int/eur-lex/en>)  
hafa norsk stjórnvöld ákveðið að setja ákvæði um skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi frá  
1. janúar 2004 á eftirfarandi leið:

- Lakselv-Tromsø-Lakselv

#### 2. Í SKYLDUM UM OPINBERA ÞJÓNUSTU FELST EFTIRFARANDI:

##### 2.1. Lágmarkstíðni flugferða, sætaframboð, leiðarval og áætlanir

- Kröfurnar gilda allt árið.
- Skyld er að halda uppi daglegu flugi í báðar áttir.

##### *Tíðni flugferða*

- A.m.k. þrjár daglegar ferðir báðar leiðir frá mánudegi til föstudags og a.m.k. þrjár ferðir báðar  
leiðir samtals laugardag og sunnudag.

##### *Sætaframboð*

- Framboð í hvora átt skal vera a.m.k. 760 sæti samtals frá mánudegi til föstudags og a.m.k. 152  
sæti samtals laugardag og sunnudag.

##### *Leiðarval*

- A.m.k. tvær ferðanna, sem skyld er að fara daglega í hvora átt frá mánudegi til föstudags,  
og a.m.k. tvær ferðanna, sem skyld er að fara samtals laugardag og sunnudag, skulu vera án  
millilendingar. Í öðrum ferðum má millilenda eigi oftár en einu sinni.

##### *Áætlanir*

- Taka skal mið af almennri eftirspurn eftir flugi.
- Ferðirnar, sem skyld er að fara, verða að fylgja áætlun sem tengir þær við flugþjónustu á leiðinni  
Tromsø-Ósló-Tromsø

- Að auki gildir eftirfarandi um ferðir sem skylt er að fara frá mánudegi til föstudags (staðartími):
- Fyrsta koma til Tromsø skal vera eigi síðar en kl. 08:30 og síðasta brottför frá Tromsø eigi fyrr en kl. 19:30.
- Fyrsta brottför frá Tromsø skal vera eigi síðar en kl. 11:30 og síðasta brottför frá Lakselv eigi fyrr en kl. 17:00.

## 2.2. Gerð loffars

Í flugferðum, sem skylt er að fara, skal nota loftfar sem er skráð fyrir a.m.k. 30 farþega og búið þrýstirými.

Athygli flugrekenda er sérstaklega vakin á tæknilegum aðbúnaði og aðstæðum til athafna á flugvöllum. Unnt er að fá nánari upplýsingar hjá:

Luftfartstilsynet, Postboks 8050 Dep, N-0031 OSLO, sími: + 47 23 31 78 00

## 2.3. Fargjöld

- Hæsta grunnfargjald (fyrir breytanlegan farmiða) aðra leið má ekki vera hærra en NOK 1.150,- á rekstrarárinu sem hefst 1. janúar 2004.
- Fyrir hvert rekstrarár þar á eftir skal hámarksfargjaldið leiðrétt 1. apríl í samræmi við hækkun vísitölu neysluverðs á 12 mánaða tímabilinu sem lýkur 15. febrúar sama ár, samkvæmt upplýsingum norsku hagstofunnar ([http://www.ssb.no/english/subjects/08/02/10/kpi\\_en/](http://www.ssb.no/english/subjects/08/02/10/kpi_en/)).
- Flugrekandi skal eiga aðild að flugskiptasamningum sem gilda um innanlandsleiðir á hverjum tíma og skal bjóða alla afslætti samkvæmt þessum samningum.
- Bjóða skal félagslega afslætti í samræmi við viðtekna venju.

## 2.4. Samfelld þjónusta

Fjöldi flugferða, sem er aflýst af ástæðum sem hægt er að rekja beint til flugrekenda, má ekki fara yfir 1,5% af fyrirhuguðum fjölda flugferða á hverju ári.

## 2.5. Samstarfssamningar

Um útboð, sem takmarkar aðgang að leiðinni Lakselv-Tromsø-Lakselv við einn flugrekanda, gildir eftirfarandi:

### *Fargjöld*

- Öll fargjöld vegna tengiflugs við annað flug skulu boðin öllum flugrekendum á sömu kjörum. Undanþegin þessu eru fargjöld vegna tengiflugs við annað flug sem bjóðandi annast, að því tilskildu að fargjaldið sé ekki hærra en 40% af verði breytanlegs farmiða.
- Ekki er hægt að vinna sér inn eða taka út bónusstig skv. tryggðar-/bónusáætlunum á flugleiðunum.

### *Skilyrði vegna flutnings farþega*

- Öll skilyrði, sem flugrekandi setur vegna flutnings farþega til eða frá flugleiðum annarra flugrekenda, að meðtöldum tímanum sem fer í að skipta um flug og innrita farþega og farangur, skulu vera hlutlæg og án mismununar.

### 3. ANNAD

Þessar skyldur um opinbera þjónustu koma í stað þeirra sem voru birtar sem liður (3) í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 112 frá 9. maí 2002 hvað varðar áætlunarflug á leiðinni Lakselv-Tromsø-Lakselv.

### 4. NÁNARI UPPLÝSINGAR FÁST HJÁ:

Samferdselsdepartementet  
Postboks 8010 Dep  
N-0030 OSLO

Sími: + 47 22 24 82 41, bréfasími: + 47 22 24 95 72

Þessar upplýsingar er einnig að finna á Internetinu:

<http://www.odin.dep.no/sd/engelsk/aktuelt>

### Andenes-Bodø-Andenes, Andenes-Tromsø-Andenes

#### 1. INNGANGUR

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins (<http://europa.eu.int/eur-lex/en>) hafa norsk stjórnvöld ákveðið að setja ákvæði um skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi frá 1. janúar 2004 á eftirfarandi leiðum:

- Andenes-Bodø-Andenes, Andenes-Tromsø-Andenes

#### 2. Í SKYLDUM UM OPINBERA ÞJÓNUSTU FELST EFTIRFARANDI:

##### 2.1. Lágmarkstíðni flugferða, sætaframboð, leiðarval og tímaáætlanir

Kröfurnar gilda allt árið. Skyld er að halda uppi daglegu flugi í báðar áttir.

##### *Tíðni flugferða*

##### **Andenes-Bodø-Andenes, Andenes-Tromsø-Andenes samtals:**

- A.m.k. fjórar daglegar ferðir báðar leiðir frá mánudegi til föstudags og a.m.k. fimm ferðir báðar leiðir samtals laugardag og sunnudag.
- Taka skal tillit til almennrar eftirspurnar eftir flugi þegar daglegum ferðum báðar leiðir er skipt milli leiðanna Andenes-Bodø-Andenes og Andenes-Tromsø-Andenes.

##### **Andenes-Bodø-Andenes:**

- A.m.k. tvær daglegar ferðir báðar leiðir frá mánudegi til föstudags og a.m.k. tvær ferðir báðar leiðir samtals laugardag og sunnudag.

##### **Andenes-Tromsø-Andenes:**

- A.m.k. ein dagleg ferð báðar leiðir.

##### *Sætaframboð*

- Á leiðunum Andenes-Bodø-Andenes og Andenes-Tromsø-Andenes í sameiningu skal framboð í hvora átt vera a.m.k. 615 sæti samtals frá mánudegi til föstudags og a.m.k. 160 sæti samtals laugardag og sunnudag.

**Leiðarval**

- A.m.k. þrjár ferðanna fjögurra, sem skylt er að fara daglega í hvora átt frá mánudegi til föstudags, og a.m.k. fjórar af ferðunum fimm, sem skylt er að fara í hvora átt samtals laugardag og sunnudag, skulu vera án millilendingar. Í öðrum ferðum má millilenda eigi oftár en einu sinni.

**Áætlanir**

- Taka skal mið af almennri eftirspurn eftir flugi.

**Andenes-Bod-Andenes, Andenes-Tromsø-Andenes samtals:**

- A.m.k. þrjár ferðir frá mánudegi til föstudags og a.m.k. fjórar ferðir samtals laugardag og sunnudag verða að fylgja áætlun sem tengir þær við flughjónustu til/frá Ósló.

**Andenes-Bodø-Andenes:**

- Að auki gildir eftirfarandi um ferðir sem skylt er að fara frá mánudegi til föstudags (staðartími):
- Fyrsta koma til Bodø skal vera eigi síðar en kl. 07:30 og síðasta brottför frá Bodø eigi fyrr en kl. 20:00.

**Andenes-Tromsø-Andenes:**

- Að auki gildir eftirfarandi um ferðir sem skylt er að fara frá mánudegi til föstudags (staðartími):
- Fyrsta koma til Tromsø skal vera eigi síðar en kl. 10:00 og síðasta brottför frá Tromsø eigi fyrr en kl. 16:30.

**2.2. Gerð loftfars**

Í flugferðum, sem skylt er að fara, skal nota loftfar sem er skráð fyrir a.m.k. 30 farþega og búið þrýstirými.

Athygli flugrekenda er sérstaklega vakin á tæknilegum aðbúnaði og aðstæðum til athafna á flugvöllum. Unnt er að fá nánari upplýsingar hjá:

Luftfartstilsynet, Postboks 8050 Dep, N-0031 OSLO, sími: + 47 23 31 78 00

**2.3. Fargjöld**

- Hæstu grunnfargjöld (fyrir breytanlegan farmiða) aðra leið mega ekki vera hærri í NOK en sem hér segir á rekstrarárinu sem hefst 1. janúar 2004:

Andenes-Bodø 1.395,-

Andenes-Tromsø 680,-

- Fyrir hvert rekstrarár þar á eftir skulu hámarksfargjöldin leiðrétt 1. apríl í samræmi við hækkun vísitölu neysluverðs á 12 mánaða tímabilinu sem lýkur 15. febrúar sama ár, samkvæmt upplýsingum norsku hagstofunnar ([http://www.ssb.no/english/subjects/08/02/10/kpi\\_en/](http://www.ssb.no/english/subjects/08/02/10/kpi_en/)).
- Flugrekandi skal eiga aðild að flugskiptasamningum sem gilda um innanlandsleiðir á hverjum tíma og skal bjóða alla afslætti samkvæmt þessum samningum.
- Bjóða skal félagslega afslætti í samræmi við viðtekna venju.

## 2.4. Samfelld þjónusta

Fjöldi flugferða, sem er aflýst af ástæðum sem hægt er að rekja beint til flugrekanda, má ekki fara yfir 1,5% af fyrirhuguðum fjölda flugferða á hverju ári.

## 2.5. Samstarfssamningar

Um útböð, sem takmarkar aðgang að leiðunum sem falla undir skyldur um opinbera þjónustu við einn flugrekanda, gildir eftirfarandi:

### *Fargjöld*

- Öll fargjöld vegna tengiflugs við annað flug skulu boðin öllum flugrekendum á sömu kjörum. Undanþegin þessu eru fargjöld vegna tengiflugs við annað flug sem bjóðandi annast, að því tilskildu að fargjaldið sé ekki hærra en 40% af verði breytanlegs farmiða.
- Ekki er hægt að vinna sér inn eða taka út bónusstig skv. tryggðar-/bónusáætlunum á flugleiðunum.

### *Skilyrði vegna flutnings farþega*

Öll skilyrði sem flugrekandi setur fyrir flutningi farþega til eða frá flugleiðum annarra flugrekenda, að meðtöldum tímanum sem fer í að skipta um flug og innrita farþega og farangur, skulu vera hlutlæg og án mismununar.

## 3. ANNAD

Þessar skyldur um opinbera þjónustu koma í stað þeirra sem voru birtar sem liður (4) í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna C 112 frá 9. maí 2002 hvað varðar áætlunarflug á leiðunum Andenes-Bodø-Andenes og Andenes-Tromsø-Andenes.

## 4. NÁNARI UPPLÝSINGAR FÁST HJÁ:

Samferdselsdepartementet  
Postboks 8010 Dep  
N-0030 OSLO

Sími: + 47 22 24 82 41, bréfasími: + 47 22 24 95 72

Þessar upplýsingar er einnig að finna á Internetinu:

<http://www.odin.dep.no/sd/engelsk/aktuelt>

## REKSTUR ÁÆTLUNARFLUGS

2003/EES/18/02

Útboð frá Noregi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 64a í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins) á rekstri áætlunarflugs á leiðunum Lakselv-Tromsø-Lakselv, Andenes-Bodø-Andenes og Andenes-Tromsø-Andenes

**1. INNGANGUR**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins (<http://europa.eu.int/eur-lex/en/>) hafa norsk stjórnvöld ákveðið að ákveðið að setja ákvæði um skyldur um opinbera þjónustu í svæðisbundnu áætlunarflugi frá 1. janúar 2004 og voru þær birtar 10.4.2003 í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 87 og S 71 og EES-viðbæti nr. 18.

Hafi enginn flugrekandi sent samgönguráðuneytinu skriflegt erindi innan tveggja mánaða frá því að tilboðsfrestur rennur út, sbr. 12. lið þessarar tilkynningar, til staðfestingar á því að hann hyggist hefja áætlunarflug 1. janúar 2004 í samræmi við skyldur um opinbera þjónustu á einni eða fleiri útboðsleiðum sem um getur í 2. lið þessarar tilkynningar, án þess að fara fram á fjárstyrk eða markaðsvernd, munu norsk yfirvöld láta fara fram útboð í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. fyrrnefndrar reglugerðar og takmarka þannig hvert það útboð, sem um getur í 2. lið, við einn flugrekanda frá og með 1. janúar 2004.

**2. MARKMIÐ ÚTBODSINS**

Markmið útboðsins er að koma á áætlunarflugi frá 1. janúar 2004 í samræmi við skyldur um opinbera þjónustu, eins og þeim er lýst í II. kafla útboðstilkynningarinnar.

Samgönguráðuneytið áskilur sér rétt til að breyta ákvæðum um opinbera þjónustu ef breytingar verða á skilyrðum um viðurkenningu flugvalla. Ef slíkar breytingar verða er ráðuneytinu heimilt að bjóða út að nýju flugsvæðið sem um er að ræða.

Útboðið tekur til áætlunarflugs á leiðunum Lakselv-Tromsø-Lakselv, Andenes-Bodø-Andenes og Andenes-Tromsø-Andenes.

Flugrekendur eru hvattir til að gera tilboð í flug á flugsvæðinu Lakselv-Tromsø-Lakselv og flugsvæðinu Andenes-Bodø-Andenes, Andenes-Tromsø-Andenes í einu lagi, einkum ef það gerir þeim kleift að fara fram á lægri heildarstyrk fyrir flugsvæðið. Bjóðendum ber þá að gefa greinilega til kynna styrkfjárhæðina sem farið er fram á fyrir hvert tilboð um sig, ef svo skyldi fara að aðeins eitt tilboð frá þeim verði valið.

**3. RÉTTUR TIL AÐ GERA TILBOÐ**

Allir flugrekendur með gilt flugrekstrarleyfi samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum, geta gert tilboð (<http://europa.eu.int/eur-lex/en/>).

**4. ÚTBODSTILHÖGUN**

Útboðið fer fram í samræmi við d-, e-, f-, g-, h- og i-lið í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92.



Tilboðum, sem berast of seint, og tilboðum, sem eru ekki í samræmi við útboðslýsinguna, verður vísað frá <sup>(1)</sup>.

Samgönguráðuneytið áskilur sér rétt til að leita eftir samningum síðar ef öll tilboð sem berast eru ófullnægjandi <sup>(2)</sup>, óviðunandi <sup>(3)</sup> eða óhentug. Slíkir samningar skulu vera í samræmi við skyldur um opinbera þjónustu og án þess að grundvallarbreytingar séu gerðar á upprunalegum útboðsskilyrðum.

Ef síðari samningar hafa ekki í för með sér viðunandi lausn <sup>(4)</sup> áskilur samgönguráðuneytið sér rétt til að aflýsa útboðinu í heild sinni. Við þær aðstæður er heimilt að birta nýja útboðslýsingu með nýjum skilmálum.

Samgönguráðuneytið áskilur sér rétt til að hafna <sup>(5)</sup> öllum tilboðum ef gildar ástæður til þess koma upp á kjölfar útboðsins.

Tilboðið er bindandi fyrir bjóðendur þar til úthlutun hefur farið fram.

## 5. SAMNINGUR

**5.1.** Meginreglan er sú að tekið verður því tilboði þar sem lögstrar styrkfjárhæðar er krafist fyrir hvert flugsvæði eða fyrir flugsvæðin saman.

**5.2.** Ef ekki er unnt að úthluta samningi í samræmi við ákvæði liðar 5.1 vegna þess að jafnhárrar styrkfjárhæðar er krafist í tveimur eða fleiri tilboðum skal tekið því tilboði, eða þeim sameinuðum tilboðum þar sem við á, þar sem flest sæti eru í boði innan hvors flugsvæðis, Lakselv-Tromsø-Lakselv og Andenes-Bodø-Andenes, Andenes-Tromsø-Andenes, á tímabilinu 1. janúar 2004–31. mars 2006.

<sup>(1)</sup> Vísað frá = tilboði hafnað án þess að það sé skoðað frekar. Vísað er til 9., 11. og 12. gr. norskrar reglugerðar frá 15. apríl 1994 um útboðstilhögun í tengslum við skyldur um opinbera þjónustu til framkvæmdar á 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92.

### 9. gr. *Upplýsingar varðandi tilboð sem berast of seint*

Tilboðum, sem berast eftir að útboðsfrestur rennur út, sjá 6. gr., skal vísað frá af þeim sökum og skulu þau endursend. Þetta á þó ekki við um tilboð sem berast eftir að útboðsfrestur rennur út en áður en tilboð eru opnuð ef ljóst er af pósthímpli að tilboðið hafi verið sett í pósthólu snemma til að það bærist áður en fresturinn rann út samkvæmt eðlilegri pósthjónustuáætlun eða ef bjóðandinn sem varðir getur sannað það með kvittun frá norsku pósthjónustunni áður en tilboð eru opnuð. Ákvörðun um að vísa tilboði frá skal skráð í tilboðaskrá ásamt ástæðum fyrir þeirri ákvörðun.

### 11. gr. *Tilboði vísað frá*

- Tilboði skal vísa frá ef: það uppfyllir ekki skilyrði fyrir þátttöku í útboðinu, sbr. 3. gr., eins og það hljóðar á síðasta skiladegi.
- Eftir nánari athugun er heimilt að vísa tilboði frá ef:
  - í það vantar einhverjar þær upplýsingar sem kveðið er á um í útboðslýsingu;
  - í því kemur ekki fram fjárhæð styrksins sem farið er fram á eins og kveðið er á um í útboðslýsingu, sbr. h-lið 8. gr.;
  - bjóðandi getur ekki hafið þjónustu innan þess frests sem kveðið er á um í útboðslýsingu, sbr. p-lið 8. gr.;
  - í tilboðinu er farið fram á óeðlilega háan styrk miðað við þjónustuna sem á að veita og bjóðandi getur ekki gefið upp fullnægjandi ástæður fyrir því.

Í tilboðaskrá skal koma skýrt fram hvaða tilboðum er vísað frá ásamt ástæðunni fyrir því, sbr. f-lið 10. gr.

### 12. gr. *Viðmið vegna útlökunar bjóðenda*

- Við val á bjóðanda og úthlutun samnings er umsjónaraðilum útboðs heimilt að útiloka hvaða bjóðanda sem vera skal ef:
    - hann er gjaldþrota, stendur í skuldajöfnunarmáli eða verið er að slíta fyrirtæki hans, eða ef hann hefur hætt starfsemi eða er í sambærilegri aðstöðu vegna svipaðrar málsmeðferðar í samræmi við innlend lög eða reglur;
    - höfðað hefur verið mál til að lýsa hann gjaldþrota, til að jafna skuldir eða til að slíta fyrirtæki hans eða í öðrum svipuðum tilgangi í samræmi við innlend lög eða reglur;
    - hann hefur hlotið endanlegan dóm fyrir brot er varðar breytni hans í starfi;
    - hann hefur gerst sekur um gróf brot á starfs- og siðareglum í sinni starfsgrein sem hafa verið sönnuð með hverjum þeim hætti sem umsjónaraðili útboðsins tekur gildan;
    - hann hefur svikist um að greiða skatta og gjöld í samræmi við landslög þess ríkis þar sem hann hefur staðfestu eða norsk lög;
    - hann hefur gerst sekur um alvarlega rangar staðhæfingar í þeim upplýsingum sem krafist er samkvæmt 8. og 13. gr.
  - Ef umsjónaraðili útboðs krefur bjóðanda um sönnun fyrir því að ekkert af því, sem um getur í a-, b-, c-, e- eða f-lið í 1. mgr., eigi við um hann, er umsjónaraðila heimilt að viðurkenna eftirfarandi sem fullnægjandi sönnun:
    - Þegar um er að ræða a-, b- eða c-lið, sakavottorð eða vottorð úr gjaldþrotaskrá, en að öðrum kosti jafngilt skjal gefið út af dómsmálayfirvöldum eða stjórnvöldum í heimaríki bjóðanda eða því ríki þar sem hann er staddur, sem sýnir fram á að ekkert af þessu eigi við um hann.
    - Þegar um er að ræða e- eða f-lið, vottorð þar til bærð yfirvalds í viðkomandi ríki.
- <sup>(2)</sup> Sbr. 11. gr. reglugerðar um útboðstilhögun í tengslum við skyldur um opinbera þjónustu til framkvæmdar á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 15. apríl 1994, nr. 256 (sbr. 1. neðanmálsgrein hér á undan).
- <sup>(3)</sup> Sbr. 5. lið III. kafla útboðslýsingarinnar.
- <sup>(4)</sup> Sbr. 11. gr. norskrar reglugerðar frá 15. apríl 1994 um útboðstilhögun í tengslum við skyldur um opinbera þjónustu til framkvæmdar á 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 og 5. lið III. kafla útboðslýsingarinnar.
- <sup>(5)</sup> Hafna = útboðinu er lokað eftir að tilboðið hefur verið athugað efnislega.

## 6. ÚTBOÐSGÖGN

Útboðsgögnin í heild, þ.e. ákvæði um skyldur vegna opinberrar þjónustu, sérreglur um útboðslýsinguna (norsk reglugerð um útboðstilhögun í tengslum við skyldur um opinbera þjónustu til framkvæmdar á 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92), staðalsamningur og kostnaðaráætlun, fást að kostnaðarlausu hjá umsýjaraðila útboðsins:

Samferdselsdepartementet / Ministry of Transport and  
Communications  
Postboks 8010 Dep  
N-0030 OSLO  
sími: + 47 22 24 82 41  
bréfasími: + 47 22 24 95 72

Þessar upplýsingar er einnig að finna á Internetinu:  
(<http://www.odin.dep.no/sd/engelsk/aktuelt>)

## 7. STYRKFJÁRHÆÐ

Tilboð skulu vera í samræmi við kostnaðaráætlunina í útboðsgögnunum og tiltaka skal skilmerkilega í norskum krónum (NOK) þá styrkfjárhæð sem krafist er vegna umrædds flugrekstrar frá þeim degi sem áætlað er að hann hefjist og til loka samningstímans, sbr. 9. lið hér á eftir. Tilboðin skulu miðast við verðlag á fyrsta rekstrarári, sem telst vera 1. janúar 2004–31. mars 2005, og sundurliðuð eftir árum.

Nákvæm styrkfjárhæð fyrir rekstrarárið sem hefst 1. apríl 2005 skal byggjast á leiðréttingu á rekstrartekjum og -kostnaði í kostnaðaráætluninni. Leiðréttingarnar skulu miðast við hækkun vísitölu neysluverðs á 12 mánaða tímabilinu sem lýkur 15. febrúar sama ár, samkvæmt upplýsingum norsku hagstofunnar ([http://www.ssb.no/english/subjects/08/02/10/kpi\\_en/](http://www.ssb.no/english/subjects/08/02/10/kpi_en/)).

Flugrekandi skal halda eftir öllum tekjum af starfseminni og bera að öllu leyti ábyrgð á útgjöldum. Ef umtalsverðar og ófyrirséðar breytingar verða á forsendum sem liggja til grundvallar tilboðinu er þó heimilt að fara fram á samninga um endurskoðun á því í samræmi við staðalsamninginn.

## 8. FARGJÖLD OG ÁÆTLANIR

Í tilboðum skal tilgreina fargjöld og skilmála sem gilda um þau. Fargjöld skulu vera í samræmi við skyldur um opinbera þjónustu sem birtar eru í II. kafla útboðstilkynningarinnar.

*Samgönguráðuneytið áskilur sér rétt til breytinga á dreifibréfi ráðuneytisins N-8/97 um málsmeðferð í tengslum við umferðaráætlanir og fargjöld fyrir áætlunarflug í Noregi.*

## 9. SAMNINGSTÍMI, BREYTINGAR OG UPPSÖGN SAMNINGS

Öll tilboð skulu miðast við samningstíma frá 1. janúar 2004 til 31. mars 2006.

Athugun á framkvæmd samningsins skal fara fram í samstarfi við flugrekandann á næstu sex vikum eftir að samningstímanum lýkur.

Óheimilt er að breyta samningnum nema þær breytingar séu í samræmi við skyldur um opinbera þjónustu sem birtar eru í II. kafla útboðstilkynningarinnar. Allar breytingar á samningnum skulu skráðar í viðauka við hann.

Flugrekanda er eingöngu heimilt að segja samningnum upp með 12 mánaða fyrirvara.

## 10. VANEFNDIR/UPPSÖGN SAMNINGS

Ef annar samningsaðilinn vanefnir á verulegan hátt samningsskyldur sínar getur hinn aðilinn sagt samningnum upp fyrirvaralaust.

Með fyrirvara um takmarkanir í gjaldþrotalögum er samgönguráðuneytinu heimilt að segja samningnum upp fyrirvaralaust ef flugrekandi kemst í greiðsluþrot, hefur skuldajöfnunarmál eða verður gjaldþrota. Samgönguráðuneytinu er einnig heimilt að segja samningnum upp í öðrum tilvikum sem um er fjallað í 12. gr. reglugerðar um útboðstilhögun í tengslum við skyldur um opinbera þjónustu, sem er að finna í útboðsgögnunum. (<http://www.lovddata.no/for/sf/sd/sd-19940415-0256.html>).

Ef flugrekandi hefur vegna óviðráðanlegra aðstæðna eða af öðrum sökum, sem eru ekki í valdi hans, verið ófær um að standa við skyldur um opinbera þjónustu samkvæmt samningnum í meira en fjóra mánuði á næstliðnum sex mánuðum er heimilt að segja samningnum upp skriflega með eins mánaðar fyrirvara.

Samgönguráðuneytinu er heimilt að segja samningnum upp fyrirvaralaust ef flugrekandi missir eða fær ekki endurnýjað flugrekstrarleyfi sitt.

Óháð hugsanlegum skaðabótakröfum skal fjárstyrkur lækka í hlutfalli við heildarfjölda flugferða sem aflýst er af ástæðum sem rekja má beint til flugrekanda ef fjöldi flugferða sem aflýst er af slíkum ástæðum á rekstrarárinu fer yfir 1,5% af fyrirhuguðum fjölda flugferða samkvæmt samþykktri áætlun.

## 11. FLUGKÓÐI

Flug mega ekki bera aðra kóða en flugfélags þjóðanda og mega ekki vera hluti af neins konar kóðaskiptasamningi.

## 12. SKILADAGUR TILBOÐA

Tilboðin skulu send í ábyrgðarpósti og afhent gegn kvittun fyrir móttöku, og skal póststimpill þá gilda sem sönnun fyrir sendingu, eða boðsend gegn kvittun á eftirfarandi heimilisfang:

Samferdselsdepartementet  
Akersgata 59 (besøksadresse)  
Postboks 8010 Dep  
N-0030 OSLO

*eigi seinna en 12.5.2003 kl. 15:00 (að staðartíma).*

*Tilboðum skal skila í 3 – þremur – eintökum.*

## 13. GILDI ÚTBOÐSLÝSINGARINNAR

Þessi útboðslýsing gildir því aðeins að enginn EES-flugrekandi hafi sent samgönguráðuneytinu skriflegt erindi innan tveggja mánaða frá því að tilboðsfrestur rennur út, sbr. 12. lið þessarar tilkynningar, til staðfestingar á því að hann hyggist hefja áætlunarflug 1. janúar 2004 í samræmi við skyldur um opinbera þjónustu á einni eða fleiri útboðsleiðum sem um getur í 2. lið þessarar tilkynningar, án þess að fara fram á fjárstyrk.

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. COMP/M.2621 - SEB/Moulinex (II))**

**2003/EES/18/03**

1. Framkvæmdastjórninni barst 13.11.2001 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 <sup>(2)</sup>, þar sem fyrirtækið SEB S.A. („SEB“, Frakklandi) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfirráð yfir hluta fyrirtækisins Moulinex S.A. („Moulinex“, Frakklandi) með kaupum á hlutabréfum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - SEB: hönnun, framleiðsla, markaðssetning og sala á litlum rafmagnsheimilistækjum,
  - Moulinex: hönnun, framleiðsla, markaðssetning og sala á litlum rafmagnsheimilistækjum,

Þann 8. janúar 2002 lýsti framkvæmdastjórnin því yfir að fyrirhuguð samfylking samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þann 3. apríl 2003 ógilti Evrópudómstóllinn að hluta til ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar áhrif hennar í Finnlandi, Spáni, Írlandi, Ítalíu og Breska konungsríkinu. Samkvæmt 5. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) 4064/89 hófst fresturinn til að meta samfylkinguna 4. apríl 2003.
3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 88, 11.4.2003. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.2621 - SEB/Moulinex (II), á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Directorate B – Merger Task Force  
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70  
B-1000 Bruxelles/Brussel.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. COMP/M.2972 - DSM/Roche Vitamins)****2003/EES/18/04**

1. Framkvæmdastjórninni barst 31.3.2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 <sup>(2)</sup>, þar sem fyrirtækið DSM N.V. („DSM“, Hollandi) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, full yfirráð yfir fyrirtækinu Roche Vitamins and Fine Chemicals Division („RV&FC“, Sviss) með kaupum á hlutabréfum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - DSM: þróun og framleiðsla á líftæknivörum, ensímum í fóður, efnum sem auka gæði, fjölliðum og kemískum efnum til notkunar í iðnaði,
  - RV&FC: þróun og sala í vítamínum, karótenóíðefnum, ensímum í fóður, sem og öðrum aukefnum í matvæli, forblönduðum efnum og innihaldsefnum í snyrtivörum.
3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 84, 8.4.2003. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.2972 - DSM/Roche Vitamins, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Directorate B – Merger Task Force  
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70  
B-1000 Bruxelles/Brussel.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál nr. COMP/M.3063 – De Agostini/Holding di Partecipazioni/RCS Diffusione/JV)**

2003/EES/18/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 3.4.2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 <sup>(2)</sup>, þar sem fyrirtækin Istituto Geografico De Agostini (IGDA, Ítalíu), sem tilheyrir samsteypunni De Agostini S.p.A, og Holding di Partecipazioni (HdP, Ítalíu), öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, sameiginleg yfirlit yfir núverandi fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (RCS Diffusione) með kaupum og skiptum á hlutabréfum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - IGDA: útgáfa og dreifing (hið síðarnefnda í gegnum dótturfyrirtækið Deadis S.r.l.) á verkum í mörgum bindum (alfræðiritum og sambærilegum verkum), kennsluefni, viðskiptaritum, efni fyrir ferðamenn og landakortum,
  - HdP: eignarhaldsfélag á sviði fjölmiðlunar (útgáfa, útvarp og auglýsingar) í gegnum ýmis dótturfyrirtæk: útgáfa og dreifing (RCS Diffusione) á dagblöðum (RCS Editori), tímaritum (einkum RCS Periodici), og ritsöfnum (RCS Collexionabili),
  - RCS Diffusione (með sameiningu á núverandi starfsemi Deadis S.r.l. og RCS Diffusione): dreifing um blaðaturnum á dagblöðum, tímaritum og öðrum sérvörum (t.d. talkortum í farsíma, rafhlöðum og hreinlætisvörum).
3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 87, 10.4.2003. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.3063 – De Agostini/Holding di Partecipazioni/RCS Diffusione/JV, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Directorate B – Merger Task Force  
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70  
B-1000 Bruxelles/Brussel.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál nr. COMP/M.3066-Delta Lloyd N.V./ABN AMRO Bank N.V./JV)**

2003/EES/18/06

**Mál sem hugsanlega verður tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 27.3.2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 <sup>(2)</sup>, þar sem fyrirtækin Delta Lloyd N.V. („Delta Lloyd“, Hollandi), sem tilheyrir Aviva-samstæðunni, og ABN AMRO Bank N.V. („ABN AMRO“, Hollandi) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar sameiginleg yfiráð yfir ABN AMRO Levensverzekering N.V., ABN AMRO Schadeverzekering N.V., ABN AMRO Assuradeuren B.V. og ABN AMRO Verzekeringen B.V., sem í dag eru að öllu leyti stjórnað af ABN AMRO, með kaupum á hlutum í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Delta Lloyd: váttryggingaábyrgðir og váttryggingamiðlun,
  - ABN AMRO: útvegur á fjármálaþjónustu,
  - JV: váttryggingaábyrgðir.
3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun um þetta atriði frestað um sinn. Með hliðsjón af tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(3)</sup> er rétt að benda á að til greina kemur að taka þetta mál til meðferðar samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í henni.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 87, 10.4.2003. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.3066-Delta Lloyd N.V./ABN AMRO Bank N.V./JV, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Directorate B – Merger Task Force  
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70  
B-1049 Bruxelles/Brussel.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. COMP/M.3102 - Thomesto/SCA Holz JV)**

2003/EES/18/07

**Mál sem hugsanlega verður tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 31.3.2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 <sup>(2)</sup>, þar sem finnska fyrirtækið Thomesto Ltd., sem tilheyrir finnsku Metsáliittosamsteypunni, og þýsku fyrirtækin SCA Hygiene Products A.G. og SCA Hygiene Products GmbH, sem tilheyra sænsku samsteypunni Svenska Cellulosa Aktiebolaget SCA („SCA“) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar sameiginleg yfirráð yfir þýska fyrirtækinu SCA Holz GmbH, með kaupum á hlutabréfum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Metsáliitto: skógrækt, trjákoða og pappír, vélvædd timburvinnsla, timbur, krossviður og unnar trévörur, prent- og skrifpappír, umbúðir, pappi og pappírþurrkur,
  - SCA: hreinlætisvörur, umbúðir, trjákoða og timburvörur,
  - SCA Holz: timburkaup í Þýskalandi og Austurríki.
3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun um þetta atriði frestað um sinn. Með hliðsjón af tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(3)</sup> er rétt að benda á að til greina kemur að taka þetta mál til meðferðar samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í henni.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 84, 8.4.2003. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.3102 - Thomesto/SCA Holz JV, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Directorate B – Merger Task Force  
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70  
B-1049 Bruxelles/Brussel.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32.



**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. COMP/M.3104 – Compass/Cremonini/JV)****2003/EES/18/08****Mál sem hugsanlega verður tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 28.3.2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 <sup>(2)</sup>, þar sem fyrirtækin Compass Group PLC („Compass“, Breska konungsríkinu) og Cremonini Spa („Cremonini“, Ítalíu) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar sameiginleg yfirráð yfir Moto Spa (Ítalíu) og Autoplose Ges.mbH (Austurríki), sem í dag eru að öllu leyti stjórnað af Compass, með kaupum á hlutabréfum í fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Compass: samningsbundin þjónusta og sérleyfisþjónusta á sviði matvæla, m.a. matvælaþjónusta við hraðbrautir,
  - Cremonini: framleiðsla og heildsala á matvælum og þjónusta á sviði matvælaíðnaðar,
  - sameiginlega fyrirtækið: matvælaþjónusta við hraðbrautir.
3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun um þetta atriði frestað um sinn. Með hliðsjón af tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(3)</sup> er rétt að benda á að til greina kemur að taka þetta mál til meðferðar samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í henni.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 82, 5.4.2003. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.3104 – Compass/Cremonini/JV, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Directorate B – Merger Task Force  
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70  
B-1049 Bruxelles/Brussel.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. COMP/M.3131 – Sika/Buzzi/JV)**

2003/EES/18/09

**Mál sem hugsanlega verður tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 2.4.2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 <sup>(2)</sup>, þar sem fyrirtækin Sika AG (Sviss) og BUZZI Unicem S.p.A. („BUZZI“, Ítalíu), öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu Addiment Italia S.r.l., Ítalíu, með kaupum á hlutabréfum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Sika: steinsteypa og sementsiblöndunarefni,
  - Buzzi: sement og skyldar vörur, tilbúin steinsteypa og íblöndunarefni,
  - Addiment Italia: steinsteypa, sementsiblöndunarefni og önnur byggingarefni.
3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun um þetta atriði frestað um sinn. Með hliðsjón af tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(3)</sup> er rétt að benda á að til greina kemur að taka þetta mál til meðferðar samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í henni.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 87, 10.4.2003. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.3131 – Sika/Buzzi/JV, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Directorate B – Merger Task Force  
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70  
B-1049 Bruxelles/Brussel.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. COMP/M.3142 – CVC/Danske Traelast)**

J3/EES/18/10

1. Framkvæmdastjórninni barst 3.4.2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 <sup>(2)</sup>, þar sem fyrirtækið CVC Fund III (CVC, Breska konungsríkinu), sem tilheyrir CVC Group, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar full yfirlit yfir fyrirtækinu Danske Traelast A/S (DT, Danmörku), með opinberu útbóði sem var auglýst 3. apríl 2003.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - CVC: stjórnunar- og fjárfestingarráðgjöf fyrir fjárfestingarsjóði og stjórnun fjárfestinga fyrir þeirra hönd,
  - DT: heildsala og smásala á byggingarefni.
3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 88, 11.4.2003. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.3142 – CVC/Danske Traelast, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Directorate B – Merger Task Force  
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70  
B-1000 Bruxelles/Brussel.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. COMP/M.3154 – Süd-Chemie/Sabic/Scientific Design)**

2003/EES/18/11

**Mál sem hugsanlega verður tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 3.4.2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 <sup>(2)</sup>, þar sem Süd-Chemie AG („SC“, Þýskalandi) og Saudi Basic Industries Corporation („SABIC“, Sáði-Arabíu) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar sameiginleg yfirlát yfir Scientific Design Company, Inc. („SD“, USA), sem tilheyrir samstæðunni Linde AG, Þýskalandi, með kaupum á hlutabréfum og eignum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - SC: framleiðsla og sala á kemískum efnum, þar með töldum hvötum,
  - Sabic: framleiðsla og sala á kemískum efnum,
  - SD: útgáfa tæknileyfa og framleiðsla á vörum fyrir kemiska efnaiðnaðinn og tengd verkfræðistarfsemi.
3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun um þetta atriði frestað um sinn. Með hliðsjón af tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkingar samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(3)</sup> er rétt að benda á að til greina kemur að taka þetta mál til meðferðar samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í henni.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 88, 11.4.2003. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.3154 – Süd-Chemie/Sabic/Scientific Design, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Directorate B – Merger Task Force  
